

Inndæling í sprungur í steinsteypu – Verklýsing og vinnubrögð – Styrking á burðarþoli

1. Ath – mjög mikilvægt er að borgatið fari 45° inn í miðjan vegg þar sem sprungan er og sé ekki boruð of nálægt sprungunni því þá getur nippillinn lokað leiðinni að sprungunni.
2. Blásið úr götum að lokinni borun þegar öll göt í sprungu hafa verið boruð. Ef loftið þrýstist upp í gegnum sprungur eða næsta borgat þá veistu að þú hefur hitt í gegnum sprunguna.
3. Ef að resin efni er ekki að dælast í gegnum sprungu eða í næsta nippil þá er yfirleitt efnið að flæða í fínar holur , hreiður eða sprungur inn í steypunni eða í gegnum vegginn. Þrýstingur er yfirleitt nægur um 30 bör en má fara í allta að 100 bör en ekki yfir það.

Upplýsingar og útskýringar um Hydrobloc AC 555 Akryl harz inndælingarefni og önnur svipuð efni (PU , epoxy og fl)

Öll resin eða inndælingarefni , hvort sem þau eru akryl , epoxy eða Polyurethan hafa ákveðna eiginleika (chemistry) sem ákvarðar hversu lengi þú mátt vinna með þau , í hvaða hitastigi , og hversu langan tíma það tekur fyrir þau að fullharðna. T.d epoxy resin – slík efni taka yfirleitt 6 – 8 klst að fullharðna í sprungu eða í þunnu lagi yfir steypu gólfi. Hins vegar ef þú hrærir upp ákveðið magn af epoxy og hellir t.d í fötu eða ílát býrðu til ákveðinn massa og efnahvörf sem býr til hita og getur látið epoxy harðna á nokkrum mínútum eða jafnvel sekúndum.

Sama á við um Arcan Hydrobloc AC 555 acryl resin. Ef það er hrært upp í einhverju magni og sett í form , holu eða þar sem það myndar massa , sérstaklega í góðu hitastigi er það að harðna á 20-30 mín og jafnvel fyrr í meiri massa.

Hins vegar þegar efninu er dælt í sprungur , t.d í lágu hitastigi í umhverfi og jafnvel steypu líka tekur það lengri tíma fyrir efnið að taka sig og

getur verið blautt í 40-100 mín eftir hita og rakastigi. Efnið sem hefur fyllt sprunguna sem dælt var í er hins vegar stöðugt og mun taka sig fljótar og harðna á eðlilegan hátt. Efni sem komst ekki inn í sprunguna lekur oft út til baka eða í gegn hinu megin og tekur þá gjarnan einhvern tíma að harðna en á þó að harðna innan eðlilegra marka ef réttur herðir hefur verið notaður og efnið rétt blandað.

Efni sem hefur lekið í gegn og er ekki harðnað mörgum dögum síðar er annað hvort blandað olíu eða mikið af vatni eða hefur ekki verið rétt blandað áður en það fór í dæluna.

Arcan Waterproofing telur enn að **AC 555** sé besta efnið fyrir þessar aðstæður ef að markmiðið með dælingum er að gera sprungur sterkari en steypan í kring og styrkja þannig burðarþol eða styrk veggja.

Ef markmiðið er eingöngu að dæla efni sem límur saman sprungur og þéttir fyrir vatnsi sem reynir að komast inn eins og raunin er oft í byggingum og viðhaldi þá er algengasta efnið **Hydrobloc 620 Integral** sem er einþátta efni sem þenst út í teygjanlegt þétt og stíft frauð inn í sprungum og límur þær einnig saman.



Smiðjuvegi 5 Grá gata s. 4204010

fagefni@fagefni.is

